

5. gr.

Allir, sem óska tengingar við dreifiæðar vatnsveitunnar, greiði stofngjald, er sé kr. 14.70 af fyrstu 2000 rúmmetrum húss og kr. 9.80 af því, sem þar fer yfir.

6. gr.

Gjald fyrir uppsetningu mælis skal vera kr. 3 410 pr. mæli. Mælaleiga skal vera sem hér segir:

40 mm mælir og minni	kr. 1 176 pr. ár
50 mm mælir	— 1 960 — —
80 mm mælir	— 2 352 — —
100 mm mælir	— 4 704 — —

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 frá 20. júní 1923, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi fyrri gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Akraness nr. 16 15. janúar 1974.

Félagsmálaráðuneytið, 5. apríl 1976.

F. h. r.

Jón S. Ólafsson.

Skúli Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 123 8. júlí 1971, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins.

1. gr.

Á eftir 3. tölulið 2. gr. reglugerðarinnar komi nýr töluliður, sem verði 4. töluliður og orðist svo:

4. Deild fyrir skreiðarafurðir.

2. gr.

3. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Ráðherra skipar tvo menn í stjórn hvernar deildar eftir tilnefningu hagsmunaaðila í þeirri grein fiskiðnaðarins, sem í hlut á. Taka þeir sæti í stjórninni, þegar fjallað er um málefni deildarinnar svo sem við ákvörðun um verðgrundvöll. Þeir skulu tilnefndir þannig:

1. Í deild fyrir frystar fiskafurðir:

Einn maður eftir tilnefningu Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna og einn maður eftir tilnefningu sjávarafurðadeildar Sambands ísl. samvinnufélaga.

2. Í deild fyrir saltfiskafurðir:

Tveir menn eftir tilnefningu Sölusambands ísl. fiskframleiðenda.

3. Í deild fyrir afurðir síldar- og fiskimjölsverksmiðja:

Tveir menn eftir tilnefningu Félags ísl. fiskimjölsframleiðenda.

4. Í deild fyrir skreiðarafurðir:

Einn maður eftir tilnefningu Samlags skreiðarframleiðenda og einn maður samkvæmt sameiginlegri tilnefningu nokkurra stærstu skreiðarframleiðenda og

útflytjenda, sem standa utan Samlags skreiðarframleiðenda, eftir nánari ákvörðun ráðherra.

Verði þessir aðilar ekki sammála um tilnefningu þannig að frá þeim komi tillögur um fleiri en einn mann, skal ráðherra hafa frjálst val um skipun þessa fulltrúa úr þeim hópi.

Ráðherra skipar formann sjóðsstjórnar.

Ráðherra ákveður þóknun sjóðsstjórnarinnar og skiptingu kostnaðar á deildir.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunar-sjóð fiskiðnaðarins til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 6. apríl 1976.

Matthías Bjarnason.

Þórður Ásgeirsson.

Nr. 107.

31. mars 1976.

GJALDSKRÁ

yfir gjald af einkasöluvörum.

Áhöfnum og farþegum, sem við komu til landsins hafa meðferðis meira magn af einkasöluvörum en heimilt er án greiðslu gjalda, sbr. ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 272/1969 og 2. gr. reglugerðar nr. 362/1975, skal heimilt að greiða af því sem umfram er einkasölugjald samkvæmt gjaldskrá þessari, enda hafi viðkomandi vör-um verið framvísað við tollgæslu, áður en tollskoðun hófst á farangri viðkomandi:

A. Áfengi:		0,375 l.	0,75 l.
1. Rauðvín, hvítvín, heit vín, vermouth og aperitivar	kr.	400.00	kr. 800.00
2. Íslenskar áfengistegundir	—	1300.00	— 2200.00
3. Koníak, brandy, whisky, vodka, gin, genever, rom, líkjörar svo og aðrar sterkar tegundir ót. a. ..	—	1900.00	— 3300.00
B. Tóbak:			
1. Reyktóbak	kr.	2000 pr. tylft eða lb.	
2. Vindlingar	—	1550 pr. karton	
3. Smávindlar	—	180 pr. 10 stk.	
Meðalstærð	—	500 pr. 25 stk.	
Vindlar aðrir	—	900 pr. 25 stk.	

Sé um að ræða aðrar þakningar en að ofan greinir, skal greitt hlutfallslega. Gjaldskrá þessi er sett skv. heimild í 5 mgr. 76. gr. laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tollaftirlit til að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi numin gjaldskrá nr. 286/1975 um sama efni.

Fjármálaráðuneytið, 31. mars 1976.

F. h. r.

Þorsteinn Ólafsson.

Björn Hafsteinsson.